



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Samgöngustjóri Reykjavíkurborgar

**Sendandi:** Aðgengis- og samráðsnefnd

---

***Tillaga aðgengi- og samráðsnefndar varðandi upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum.***

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks leggur til að upplýsingar um aðgengileika biðstöðva Strætó verði gerðar aðgengilegar þar sem farþegar geta auðveldlega nálgast þær. Þá leggur nefndin til að hægt verði að sjá á rauntímkorti strætó hvort vagnar á kortinu séu aðgengilegir eða ekki.

**Greinargerð:**

Búið er að gera úttekt á aðgengileika biðstöðva Strætó og eru því til nákvæmar upplýsingar um aðgengi hverrar biðstöðvar í Reykjavík. Þessar upplýsingar þyrftu að vera aðgengilegar farþegum Strætó, en farþegar þurfa að geta vitað það fyrirfram hvort biðstöð sé þeim aðgengileg eða ekki, svo þeir geti skipulagt ferðir sínar. Best væri að þessar upplýsingar væri hægt að nálgast á vefsíðu Strætó og í þeim snjallforritum sem fólk notar til að skipuleggja ferðir sínar.

Þá eru nokkrir vagnar sem eru ekki með hjólastólaaðgengi. Nauðsynlegt væri að geta séð það á rauntímkortinu hvort slíkur vagn er á ferðinni, svo fólk lendi síður í því að þurfa að bíða eftir næsta vagni ef þeir lenda í því að vagninn sem það bíður eftir er þeim óaðgengilegur, eins og gerst hefur. Æskilegast væri auðvitað að geta síða óaðgengilegar ferðir í burtu í leitinni, en að lágmarki þyrfti að vera hægt að sjá hvort vagn sé aðgengilegur.